PENNAGREIN

Hestamannafélagið Faxi 80 ára - upphafsárin 1933 til 1959

Hestamannafélagið Faxi var stofnað 23. mars 1933 í Borgarnesi og voru stofnendur 15 einstaklingar úr Borgarfirði. Fyrstu stjórnina skipuðu Ari Guðmundsson í Borgarnesi, sem var formaður, Ásgeir Jónsson á Haugum og Helgi Ásgeirsson í Borgarnesi. Í lögum félagsins segir meðal annars svo: „Markmið félagsins er að vernda og efla hestamennskuna í landinu, stuðla að bættri meðferð hrossa, efla hestaíþróttir og kynbætur reiðhrossa.“ Starfsemi Faxa var fræðslustarfsemi, árlegar kappreiðar, gæðingakeppni, afkvæmasýningar, tamninganámskeið og að eiga góðhesta til kynbóta.

Árið 1946 voru félagar í Faxa 85 auk 29 ævifélaga, eða samtals 114. Á tíu ára afmæli félagsins 1943, var haldið hóf í Hvítárvallaskála með borðhaldi, ræðuhöldum, söng og skemmtiefni og mættu þar um níutíu manns. Sömuleiðis var haldið hóf í Borgarnesi á tuttugu og fimm ára afmæli félagsins með borðhaldi og skemmtiatriðum og var þar mikill fjöldi manna.



Ari Guðmundsson og Skuggi. Myndin er tekin í Borgarnesi 1953.

Stóðhesturinn Skuggi

Varðandi kynbætur, var keyptur í nóvember árið 1946 stóðhesturinn Skuggi frá Bjarnarnesi, nr. 201, þá níu vetra. Var hann keyptur af Hrossaræktarfélagi Gnúpverja á 6.500 kr. og þótti mjög dýr. Hestamannafélagið Faxi átti Skugga í nítján ár, eða þar til hann var felldur 8. september 1956 og heygður með öllum reiðtygjum við félagsheimili Faxa að Faxaborg. Var hann þá þrotinn að heilsu og kröftum.

Skuggi var afburða viljahestur, gangviss og ganggóður svo að af bar. Vissulega var Skuggi umdeildur, eins og gengur, menn ýmist dáðu hann, eða menn sáu honum allt til foráttu. Skuggi var mikið notaður til undaneldis og varð afkomendahópur hans mjög stór. Á Landsmóti Landssambands hestamanna (LH) við Skógarhóla á Þingvöllum 1958 áttu um sextíu sýningar og keppnishross ættir sínar að rekja til stóðhestsins Skugga.

Skuggi var sýndur á Landbúnaðarsýningunni í Reykjavík 1947. Á þeirri sýningu var hann talinn afburðagæðingur í reiðhestaflokki, fremstur í sínum flokki og hlaut Sleipnisbikarinn, sem þá var keppt um í fyrsta sinni. Sennilega hefur Skuggi þar staðið á hátindi frægðar sinnar.



Félagsheimili Faxa á Faxaborg byggt árið 1952.

Landssamband hestamanna

LH var stofnað árið 1949. Í undirbúningsnefnd voru valdir tveir fulltrúar Borgfirðinga, þeir Gunnar Bjarnason og Ari Guðmundsson frá Faxa. Aðrir í nefndinni voru Björn Gunnlaugsson Reykjavík, Bogi Eggertsson Reykjavík og Hjalti Gestsson. Stofnfundurinn var svo haldinn 18. og 19. desember 1949, í „Baðstofu iðnaðarmanna“ (nærri Iðnó í Reykjavík), og voru þar fulltrúar tólf hestamannafélaga og var þar fyrsta stjórnin kjörin. Formaður var kjörinn, H.J. Hólmjárn fulltrúi Fáks, með 11 atkvæðum, Ari Guðmundsson fulltrúi Borgfirðinga var kjörinn ritari, einnig með 11 atkvæðum og Pálmi Jónsson Reykjavík kjörinn gjaldkeri, einnig með 11 atkvæðum. Meðstjórnendur voru Hermann Þórarinsson Blönduósi og Steinþór Gestsson Hæli.

2. júlí 1950 hélt Landssamband hestamanna kvöldvöku í útvarpinu. Þar var stefna og starfsemi sambandsins kynnt og flutti þar fulltrúi Borgfirðinga, Ari Guðmundsson formaður Faxa, ávarp fyrir hönd LH.

Faxaborg

Í upphafi fékk félagið afnot af mannvirkjum Ungmennasambands Borgarfjarðar (UMSB) á Ferjukotsbökkum til mótshalds og kappreiða í góðri samvinnu við landeigendur. Þegar UMSB hætti að sinna viðhaldi á mannvirkjum sínum, sem voru úr sér gengin, enda 32 ára gömul, var ákveðið að reisa félagsheimili fyrir starfsemi Faxa. UMSB hafði ekki áhuga á að taka þátt í nýrri byggingu, en lagði til fjármagn, sem var nálægt húsaleigu UMSB til tíu ára í hinu nýja húsnæði. Fjármögnun húsnæðisins var erfið fyrir svo lítið félag. Eftir neitun frá helstu lánastofnunum svo sem Sparisjóði héraðsins, Félagsheimilasjóði og Fjárfestingaráði, var ákveðið að afla fjármagns innan félagsins. Fjármögnunin var meðal annars þannig, að stofnað var þrisvar til happadrættis, tekjur voru af mótahaldi, félagsgjöldum, lítilsháttar gjafir fengust, og mikil sjálfboðavinna var lögð fram. Einnig lánuðu þrír einstaklingar verulega fjármuni.

Faxaborg var reist á sex vikum vorið 1952. Húsið var tæplega fjögur hundruð fermetrar að flatarmáli. Samningur var gerður við landeigendur um leiguréttindi til ársloka 2000.

Kostnaður við byggingu hússins var um 170 þúsund krónur og einnig hafði verið útbúinn skeiðvöllur, sem vígður var árið 1949. Var kostnaður við hann um 30 þúsund kr. Samtals kostuðu þessar framkvæmdir um 200 þúsund krónur, þar með talinn kostnaður við girðingar og fleira. Árið 1958 var skuld félagsins 20 þúsund krónur og þótti það undraverður árangur. Hestamannafélagið Faxi var fyrsta hestamannafélagið á Íslandi til að eignast sitt eigið félagsheimili.

Í stjórn Faxa fyrstu árin, frá 1933 til 1959, voru:

Ari Guðmundsson Borgarnesi, tuttugu og tvö ár formaður.
Símon Teitsson Borgarnesi, tvö ár formaður og níu ár ritari.
Sigursteinn Þórðarson Borgarnesi, átta ár gjaldkeri.
Kristján Fjeldsted Ferjukoti, gjaldkeri fimm ár og þrjú ár ritari.
Björn Guðmundsson Borgarnesi, sjö ár gjaldkeri.
Helgi Ásgeirsson Borgarnesi, fjögur ár gjaldkeri.
Þorgeir Þorsteinsson, Mið-Fossum fjögur ár ritari.
Ágúst Jónsson Þverholtum (Sveinsstöðum), fjögur ár ritari.
Eyvindur Ásmundsson Borgarnesi, fjögur ár meðstjórnandi.
Daníel Teitsson Grímarsstöðum, þrjú ár ritari.
Guðmundur Pétursson Hesti, þrjú ár meðstjórnandi.
Ásgeir Jónsson Haugum, tvö ár ritari.
Gunnar Bjarnason Hvanneyri, tvö ár formaður.
Þórður Eggertsson Borgarnesi, eitt ár gjaldkeri.
Einar Gíslason Hesti, eitt ár meðstjórnandi.

Hrossaræktardeild Búnaðarsambands Borgarfjarðar var stofnað 1954 og fyrsti formaður var Ingólfur Guðbrandsson Hrafnkelsstöðum, Páll Sigurðsson og svo Ari Guðmundsson formaður til dauðadags 21. maí 1959.

Hér hefur verið, í stuttu máli, farið yfir sögu Faxa á árunum 1933 til 1959 og byggt á gögnum Ara Guðmundssonar. Síðari ár þessa tímabils eru mér mjög minnisstæð. Á þeim árum voru orðin Hestamannafélagið Faxi og Skuggi nánast sem órjúfanleg heild, svo nátengur var Skuggi Faxa og Faxi Skugga. Því miður var nafnið Skuggi tekið til nota á öðru hestamannafélagi og er það von mín að náist að sameina þessi nöfn aftur í nýju félagi með sína nýju Faxaborg í Borgarnesi.

Í síðasta tölublaði Skessuhorns, var umfjöllum um Faxa og LH, sem mér fannst ekki að öllu leyti rétt. Þess vegna er þessi samantekt meðal annars send Skessuhorni til birtingar. Vona ég að lesendur hafi gaman að rifja upp gamla tíð og sennilega munu einhverjir aðrir minnast áranna eftir 1959, núna á afmælisárinu. Ég tel að Hestamannafélagið Faxi hafi verið eitt af öflugustu félagasamtökum í Borgarfirði á þessum árum.

Að lokum sendi ég Hestamannafélaginu Faxa árnaðaróskir í tilefni afmælisins.

Reykjavík í júlí 2013,
Hreinn Ómar Arason.
Ljósmyndir Ólöf Sigvaldadóttir.



Ari Guðmundsson og Skuggi á Landbúnaðarsýningunni í Reykjavík árið 1947.